



# Jafnlaunakerfi - ÍST 85:2012

## Viðhaldsúttekt

Flóahreppur

Report Author  
Visit Start Date

Örn Alexandersson  
29.12.2022

...making excellence a habit.<sup>TM</sup>

# Kynning

Þessi skýrsla varðar úttekt sem gerð var hjá:

**Flóahreppur**

Kt :600606-1310

Þingborg

801 Selfoss

og byggir á gögnum sem lágu fyrir. Þakki eru færðar starfsmönnum.

Viðstaddir úttektina voru:

Hafdís Júlia Hannesdóttir, Viðurkenndur bókari (Tengiliður vegna úttektar)  
Hulda Kristjánsdóttir, Sveitastjóri

Úttektina framkvæmdi fyrir hönd BSI:

Örn Alexandersson, úttektarstjóri

Verknúmer (SMO): 3472297 - úttekt framkvæmd með fjarfundarbúnaði Microsoft Teams<sup>1</sup>

**Upplýsingar um starfsemi fyrirtækis**

- Fjöldi starfsmanna: 55
  - Fjöldi karla: 11
  - Fjöldi kvenna: 44
  - Launagögn fyrir: September
  - Kynbundinn launamunur: 0,4% konum í hag\*
  - Fylgni R2: 98,2%
- \*Aðferðafræði við launagreiningu: Aðhvarfsgreining með Logib kerfi  
\*Launagreining framkvæmd af: Strategía

---

<sup>1</sup> Planned audit objectives were achieved during the remote audit. There were no connectivity issues which adversely affected the audit. The security and confidentiality arrangement were complied with. No confidential documents were sent during the audit.

# Yfirlýsing frá skoðunaraðila

Úttektin var framkvæmt samkvæmt kröfum **ÍST 85:2012 – Jafnlaunakerfi**.

Fleiri frábrigði geta verið til staðar hjá fyrirtækinu en koma fram í þessari skýrslu þar sem stuðst er við handahófskennd úrtök.

Úttektin er framkvæmd í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 1030/2017 „Um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnanna á grundvelli staðalsins ÍST 85:2012.“

Sjá nánar upp faggildingu BSI samkvæmt EN ISO/IEC 17021

[https://www.ukas.com/wp-content/uploads/schedule\\_uploads/00011/04947/0003Management-Systems.pdf](https://www.ukas.com/wp-content/uploads/schedule_uploads/00011/04947/0003Management-Systems.pdf)

Ef ætlunin er að dreifa afriti af niðurstöðum þessarar úttektarskýrslu til annarra aðila skal allri úttektarskýrslunni dreift.

## Tilgangur úttektar

Tilgangur þessarar úttektar er að framkvæma viðhaldsúttekt á jafnlaunakerfi fyrirtækisins samkvæmt kröfum ÍST 85:2012 – Jafnlaunakerfi.

## Flokkun frábrigða

**Alvarleg frábrigði** // Vöntun á kerfisbundinni stjórnun ferils og þ.a.l. að krafa sé uppfyllt. Útilokar vottun nema að frábrigði sé lagfært.

**Frábrigði** // Einstök tilfelli þar sem krafa er ekki uppfyllt. Rannsaka þarf undirliggjandi orsök hvers frábrigðis.

**Tækifæri** // Tækifæri til umbóta sem leiða til betri vinnubragða og hugsanlegrar hagræðingar.

# Samantekt

## Viðhaldsúttekt

Fram kom vilji stjórnenda og starfsmanna til að bæta verklag og vinna samkvæmt ÍST 85:2012 – Jafnlaunakerfi.

Sýnt hefur verið fram á að Jafnlaunakerfið er hannað til að ná markmiðum og stefnu stofnunarinnar í jafnlaunamálum. Þetta var sannreynt í úttekt á jafnlaunakerfinu. Ferlar og stýringar jafnlaunakerfisins sem skoðaðar voru styðja við það.

Styrkleikar jafnlaunakerfis eru vilji stjórnanda til að vinna að stöðugum umbótum.

Veikleikar jafnlaunakerfisins eru frábrigði sem koma fram í þessari skýrslu.

Engin frábrigði fundust og tvö tækifærir

Ef gerðar eru athugasemdir í úttektum þarf að meðhöndla þær á sama hátt og frábrigði.

Kanna undirliggjandi orsakir þeirra og lagfæra fyrir næstu úttekt.

**Farið var yfir jafnlaunkerfið. Eftirfarandi gögn voru skoðuð:**

Krafa	Lýsing	Tilvísun
4.1 til 4.6	Sannprófun á skjalfestu jafnlaunakerfi fyrirtækisins - skipurit, verklagsreglur, vinnulýsingar, eyðublöð og skrár. Breytingar á kerfinu ef einhverjar eru frá síðustu úttekt. Hlíting laga.	Engar breytingar frá síðustu úttekt Listi yfir lög og aðrar kröfur Mat á hlýtingu 27.12.2022
4.5.3	Lagfæringerar á frábrigðum og athugasemdum úr síðustu úttekt.	Aðgerðaáætlun vegna úttekta 2022
4.5.5, 4.5.3	Innri úttektir, frábrigði, úrbætur og forvarnir (áhætta) m.a. úr síðustu úttekt.	Innri úttekta 2022 - Skýrsla 19.12.2022
4.2, 4.3.3, 4.6	Jafnlaunastefna, markmið, áætlanir, samþykkt jafnréttisáætlun og rýni stjórnenda	Glærur Rýni stjórnenda 27.12.2022 Fundargerð 27.12.2022 Jafnréttisáætlun 2023-2026 – Drög Markmið og áætlanir Jafnlaunastefna
4.5.1, 4.3.1	Launagreining, launaákvvarðanir, jafnlaunaviðmið og umbunartafla. Nýráðningar, hæfni, þjálfun og vitund – starfslysingar.	03.01 Heildarlaunaskjal til BSI - Flóahreppur laun sept 2022 v1 03.03 Launagreining logib sept laun 2022 Flóahreppur til BSI v2 Útlagar úr launagreiningu - 5  Launaseðlar: 49, 20, 12 - stemmir  Starfslysingar: 18 – Skólastjóri – Leyfisbréf, 28.8.1998, 37 – Leiðbeinandi leikskóla – Engin menntunarkrafa.  Ráðningasamningar: 27 – 22.8.022, 37 – 3.8.2022, 41 – 19.8.2022

# Niðurstöður

## Almennt

Opnunarfundur haldinn samkvæmt kröfum og farið yfir eftirfarandi atriði:

- Umfang vottunar rætt og fjöldi starfsmanna staðfestur.
- Úttektaráætlun og dagskrá rædd og samþykkt.
- Úttektarferlið og skýrslugjöf rædd og staðfest.
- Handahófskennd aðferð úttektar (random sampling) rædd og staðfest.
- Tegundir og skráning frábrigða rædd og staðfest.
- Trúnaður og hlutleysi úttektarmanna ræddur og staðfestur.
- Áfrýjunar- og kvörtunarfíli rætt og staðfest.
- Tilkynningar skylda til BSI vegna stórra frábrigða rætt og staðfest.
- Vottunarferlið rætt og staðfest.
- Farið yfir spurningar frá viðskiptavini.

Lokafundur haldinn í samræmi við opnunarfund.

## Breytingar á kerfinu, lagfæringer á frábrigðum og athugasemdum frá síðustu úttekt

Engar breytingar á jafnlaunakerfinu.

Frábrigði og athugasemdir hafa verið lagfærð úr síðustu úttekt.

Jafnlaunakerfið er blanda af skriflegum fyrirmælum, verklagsreglum, eyðublöðum og skrám sem eru aðgengileg í gegnum innranet fyrirtækisins.

Nr. X	Tækifæri til úrbóta
Tilvísun í staðal	4.4.3 Samskipti
Lýsing á tækifæri	Það er tækifæri að uppfæra verklagsreglu um samskipti í samræmi við það verklag sem notað er.

Nr. X	Tækifæri til úrbóta
Tilvísun í staðal	4.3.2 Lagalegar kröfur og aðrar kröfur
Lýsing á tækifæri	Það er tækifæri að setja inn lög nr. 95/2019 á lista yfir lög og reglugerðir

# Úttektaáætlun

Næsta úttekt er viðhaldsúttekt og endurútgáfa vottorðs. Markmiðið hennar er að sannreyna að unnið sé eftir skjalfestu verklagi, fara yfir niðurstöður launagreiningar og að staðfesta að lagfæringar frá síðustu úttekt hafi verið gerðar. Einnig að uppfæra stöðu fyrirtækisins gagnvart ÍST 85:2012 samkvæmt neðangreindri úttektaáætlun.

Áherslur úttekta	Mánuður/Ár		
	11/2021	12/2022	9/2023
Senda inn launagreiningu	X	X	X
Jafnlaunakerfið	X	X	X
Jafnlaunastefna	X	X	X
Markmið og áætlanir	X	X	X
Hlíting laga	X	X	X
Breytingar og frábrigði	X	X	X
Innri úttektir	X	X	X
Rýni stjórnenda	X	X	X
Launagreining	X	X	X
Nýráðningar	X	X	X
Launaákvarðanir	X	X	X
Rýni og endurútgáfavottorðs			X

Skírteini rennur út: 30.11.2023

Vinsamlega athugið, endurnýjun skírteinis er á 3 ára fresti.

Úttektin þarf að fara fram 60-90 dögum áður en skírteinið rennur út.

# Dagskrá næstu úttektar

Tími	Lýsing	Hlutverk
14 dögum fyrir úttekt	Samantekt launagreininga gagna – Send gögn á <a href="mailto:laun@bsialislandi.is">laun@bsialislandi.is</a> (10 vinnudögum fyrir úttekt svo fyrirtæki geta brugðist við ef í ljós kemur að skekkjur séu til staðar í launagreiningu)	Fulltrúi kerfis
	Sannprófun launagreiningar -- Gerð á skrifstofu BSI	BSI á Íslandi
Kl. 9		
	Opnunarfundur - farið yfir dagskrá og ferli úttektar	Fulltrúi kerfis
	Sannprófun á skjalfestu jafnlaunakerfi fyrirtækisins - skipurit, verklagsreglur, vinnulýsingar, eyðublöð og skrár. Breytingar á kerfinu ef einhverjar eru frá síðustu úttekt. Hlíting laga.	Fulltrúi kerfis
	Lagfæringer á frábrigðum og athugasemdum úr síðustu úttekt.	Fulltrúi kerfis
	Innri úttektir, frábrigði, úrbætur og forvarnir	Fulltrúi kerfis
	Jafnlaunastefna, markmið, áætlanir, samþykkt jafnréttisáætlun og rýni stjórnenda	Framkvæmdastjóri (ef við á)
	Launagreining, launaákvvarðanir, jafnlaunaviðmið og umbunartafla  (Endurtekning á sannprófun launagreininga gagna ef þörf er á og endurkoma)	Fulltrúi kerfis/ starfmannastjóri
	Nýráðningar, hæfni, þjálfun og vitund - starfslysingar	Fulltrúi kerfis
	Samantekt – skýrslugerð	Úttektarmaður
	Lokafundur með stjórnendum þar sem farið er yfir helstu niðurstöður	Úttektarmaður
	Lok úttektar	Úttektarmaður

Please note that BSI reserves the right to apply a charge equivalent to the full daily rate for cancellation of the visit by the organisation within 30 days of an agreed visit date. It is a condition of Registration that a deputy management representative be nominated. It is expected that the deputy would stand in should the management representative find themselves unavailable to attend an agreed visit within 30 days of its conduct.

## Notes

The assessment was based on sampling and therefore nonconformities may exist which have not been identified.

If you wish to distribute copies of this report external to your organisation, then all pages must be included.

BSI, its staff and agents shall keep confidential all information relating to your organisation and shall not disclose any such information to any third party, except that in the public domain or required by law or relevant accreditation bodies. BSI staff, agents and accreditation bodies have signed individual confidentiality undertakings and will only receive confidential information on a 'need to know' basis.

This report and related documents is prepared for and only for BSI's client and for no other purpose. As such, BSI does not accept or assume any responsibility (legal or otherwise) or accept any liability for or in connection with any other purpose for which the Report may be used, or to any other person to whom the Report is shown or in to whose hands it may come, and no other persons shall be entitled to rely on the Report.

Should you wish to speak with BSI in relation to your registration, please contact our Customer Engagement and Planning:

**BSI á Íslandi ehf / BSI Iceland**  
Skútuvogur 1D (Barkarvogsmegin)  
104 Reykjavík  
Iceland  
Tel: +354 4144444

E-mail (for corrective action plans): [urbaetur@bsiaislandi.is](mailto:urbaetur@bsiaislandi.is)

**BSI Group The Netherlands BV**  
Say Building  
John M. Keynesplein 9  
1066 EP Amsterdam  
Nederland  
Tel: +31 (20) 3460780

## Regulatory Compliance

BSI conditions of contract for this visit require that BSI be informed of all relevant regulatory non-compliance or incidents that require notification to any regulatory authority. Acceptance of this report by the client signifies that all such issues have been disclosed as part of the assessment process and agreement that any such non-compliance or incidents occurring after this visit will be notified to the BSI client manager as soon as practical after the event.

## Expected Outcomes for Certification

### What certification to the standards means:

The certification process provides confidence that the organization has a management system that conforms to the applicable requirements of the certified standards covered within this assessment and scope of certification.

### What certification does not mean:

It is important to recognize that certification defines the requirements for an organization's management system, not for its products or services. It does not imply that the organization is providing a superior product or service, or that the product, service or performance itself is certified as meeting the requirements of an ISO standard or specification or that the organisation can guarantee 100% product, service or performance conformity, though this should of course be a permanent goal.

# Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands

Árlegur hátíðarfundur Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands fer fram þann 12. janúar næstkomandi. Fundurinn hefst kl. 17.00 og fer fram í sal Fjölbautaskóla Suðurlands. Á fundinum verða veittir nýir rannsóknarstyrkir og menntaverðlaun Suðurlands afhent.

Dagskrá fundarins:

1. Tónlistaratriði.
2. Fundarstjóri setur fund.
3. Fyrverandi styrkþegi Marco Mancini kynnir verkefni sitt; *The myrmecomfauna of Iceland.*
4. Sveinn Aðalsteinsson, formaður dómnefndar: Störf nefndarinnar og niðurstöður.
5. Hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhendir styrkinn.
6. Ásgerður K. Gylfadóttir, formaður SASS: Menntaverðlaun Suðurlands.
7. Hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhendir menntaverðlaun Suðurlands.
8. Eyjólfur Sturlaugsson og Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjórar Fræðslunetsins og Háskólfélags Suðurlands: Breyting á Vísinda- og rannsóknarsjóði Suðurlands.
9. Fundarstjóri slítur fundi.

*Fundarstjóri: Sigursveinn Sigurðsson*

Að fundi loknum um kl. 18.00 býður sjóðurinn öllum gestum upp á veitingar í kaffiteríu fjölbautaskólans.

Allir eru hjartanlega velkomnir



# GJALDSKRÁ

## Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. vegna útgáfu byggingarheimilda, byggingarleyfa og þjónustu byggingarfulltrúa

### 1. gr.

#### *Gildissvið*

Gjaldskráin gildir um um meðferð og útgáfu leyfa sem embættið veitir, ásamt þjónustu og eftirliti sem byggingarfulltrúi sinnir á starfssvæði sínu sem er innan aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins; Ásahrepps, Bláskógarbyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

### 2. gr.

#### *Meginreglur*

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að sá aðili sem sækir um byggingarheimild eða byggingarleyfi, óskar eftir þjónustu eða sætir eftirliti af hálfa byggingarfulltrúa skuli greiða þann kostnað sem leyfisveiting, þjónusta eða eftirlit hefur í för með sér sbr. 51. gr. laga um mannvíki nr. 160/2010. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna umsýslu málsins, móttöku þess, yfirferð aðal- og séruppráttta, útmælingar, úttektir, útgáfu vottorða og skráningarárvinnu sem og nauðsynlegra auglýsinga og kynninga sem afgreiðsla málsins kann að fela í sér. Jafnframt skal umsækjandi greiða fyrir aðra þá þjónustu sem embætti byggingarfulltrúa veitir skv. þessari gjaldskrá.

### 3. gr.

#### *Innheimta gjalda*

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. skal innheimta gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá fyrir hönd aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins.

Gjöld vegna útgáfu byggingarheimildar eða byggingarleyfis skiptast í afgreiðslugjald annars vegar og eftirlits- og yfirferðargjald hins vegar. Afgreiðslugjaldið skal endurspeglar kostnað embættisins við móttöku erindisins, skráningu þess og skjalavistun, yfirferð aðaluppráttta og annarra gagna sem nauðsynleg eru fyrir ákvarðanatöku á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa. Greiðsla afgreiðslugjalds er óafturkræft þótt erindi sé synjað eða það dregið til baka ef vinna byggingarfulltrúa hefur átt stað og málið tekið fyrir á afgreiðslufundi. Eftirlits- og yfirferðargjald skal endurspeglar kostnað embættisins við útgáfu byggingarheimildar eða byggingarleyfis eftir afgreiðslufund byggingarfulltrúa. Í því felst yfirferð séruppráttta, raflagnauppráttta, áritun og stimplun teikninga, útgáfa byggingarheimildar eða byggingarleyfis, útsetning húss á byggingarstað, lögbundið eftirlit með byggingarframkvæmdum s.s. stöðuskoðanir, öryggis- og lokaúttektir ásamt skráningu húss hjá Þjóðskrá Íslands. Gjaldskráin miðast við eina yfirferð hönnunargagna.

Gjaldskrá byggingarheimilda og byggingarleyfisgjalda miðast við þann áætlaða tímafjölda sem fer í hvern verkbátt og myndar þannig þau viðmiðunarverð sem birtast í þessari gjaldskrá. Tekið er tillit til umfangsflokkunar mannvirkja skv. grein 1.3.2 í byggingareglugerð 112/2012 með síðari breytingum þar sem segir að gefa skuli út byggingarheimild á mannvíki sem falla undir umfangsflokk 1 en byggingarleyfi á mannvíki sem falla undir umfangsflokka 2 og 3. Akstur byggingarfulltrúa vegna málsins er innifalinn í gjöldum.

Ef tími byggingarfulltrúa er verulega umfram áætlaðan tímafjölda eða kostnaður vegna aðkeyptrar vinnu er hærri en áætlað var vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á til viðbótar tímajald byggingarfulltrúa sem er **15.700 kr/klst.**, eða gjald skv. reikningi vegna aðkeyptrar vinnu. Heimilt er að gera sérstakan skriflegan samning um kostnað og útfærslu byggingareftirlits í viðameiri framkvæmdum, s.s. fyrir hús stærri en 2.000 m<sup>2</sup> og sérhæfð mannvíki sem almenningi er ætlað að eiga aðgengi að.

Ef umsókn um byggingarheimild eða byggingarleyfi samræmist ekki gildandi skipulagi er erindi hafnað eða það sent til skipulagsfulltrúa til meðferðar, sem þá innheimtir skv. sinni auglýstu gjaldskrá fyrir þann hluta sem að honum snýr og verða þau gjöld eftir atvikum innheimt samtímis innheimtu á gjöldum vegna fyrirhugaðrar útgáfu byggingarheimildar eða byggingarleyfis.

## 4. gr.

*Gjalddagí*

Gjöld vegna útgáfu byggingarheimildar eða byggingarleyfis, þ.e. afgreiðslugjald og eftirlits- og yfirferðargjald, skal alla jafna innheimt saman með einum reikningi að loknum afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem viðkomandi mál var afgreitt. Í stærri framkvæmdum eða ef umsækjandi veit að framkvæmdir hefjast ekki strax þrátt fyrir samþykkt byggingaráform, er heimilt ef umsækjandi óskar eftir, að skipta innheimtunni þannig að aðeins afgreiðslugjald sé innheimt að loknum afgreiðslufundi og eftirlits- og yfirferðargjald sé innheimt síðar. Eftirlits- og yfirferðargjald skal þó undantekningalaust vera að fullu greitt áður en byggingarheimild eða byggingarleyfi er gefið út. Gjald vegna stöðuleyfa skal greitt áður en stöðuleyfi er útgefið. Önnur þjónustugjöld skulu greiðast samhliða því að verk er unnið.

## 5. gr.

*Gjöld vegna byggingarheimilda og byggingarleyfa*

	* Umfangsflokkur	Afgreiðslugjald:	Eftirlits- og yfirferðargjald:	Samtals:
Endurútgefin samþykkt byggingaráform, byggingarheimild eða byggingarleyfi, - gögn óbreytt: <sup>1</sup>		66.500 kr. -	-	66.500 kr. -
Sumarhús:	1	101.700 kr. -	191.700 kr. -	293.400 kr. -
Íbúðarhús, einbýli:	2	101.700 kr. -	234.800 kr. -	336.500 kr. -
Raðhús, parhús:	2	121.300 kr. -	344.300 kr. -	465.600 kr. -
Þjónustuhúsnæði, gistiheimili, atvinnu- og iðnaðarhúsnæði, 41 - 150 m <sup>2</sup> :	2	101.700 kr. -	226.900 kr. -	328.700 kr. -
Þjónustuhúsnæði, gistiheimili, atvinnu- og iðnaðarhúsnæði, 151-500 m <sup>2</sup> :	2	172.200 kr. -	465.700 kr. -	637.900 kr. -
Þjónustuhúsnæði, gistiheimili, atvinnu- og iðnaðarhúsnæði, 501 - 1.000 m <sup>2</sup> :	2	226.900 kr. -	551.800 kr. -	778.700 kr. -
Þjónustuhúsnæði, gistiheimili, atvinnu- og iðnaðarhúsnæði, 1.001 – 3.000 m <sup>2</sup> :	2	242.600 kr. -	645.700 kr. -	888.300 kr. -
Fjölbýlishús 2 – 4 hæðir:	2	180.000 kr. -	598.800 kr. -	778.800 kr. -
Fjölbýlishús, 5 hæðir og hærri:	2	234.800 kr. -	669.200 kr. -	904.000 kr. -
Önnur hús, skýli og viðbyggingar, 40 m <sup>2</sup> eða minni:	1	62.600 kr. -	97.900 kr. -	160.500 kr. -
Önnur hús og viðbyggingar, 41 – 150 m <sup>2</sup> , s.s. geymslur og landbúnaðarbyggingar:	1	86.100 kr. -	203.500 kr. -	289.600 kr. -
Önnur hús og viðbyggingar, 151 – 500 m <sup>2</sup> s.s. geymslur og landbúnaðarbyggingar:	1	101.700 kr. -	203.500 kr. -	305.200 kr. -
Önnur hús og viðbyggingar, 501 – 1.000 m <sup>2</sup> , s.s. geymslur og landbúnaðarbyggingar:	1	148.700 kr. -	285.700 kr. -	434.400 kr. -
Önnur hús og viðbyggingar 1.001 - 2.000 m <sup>2</sup> , s.s. geymslur og landbúnaðarbyggingar:	1	180.000 kr. -	332.600 kr. -	512.700 kr. -
Eldri hús flutt á milli lóða, 41 – 150 m <sup>2</sup>	1	78.300 kr. -	168.300 kr. -	246.600 kr. -
Viðbyggingar við þegar byggð hús, 41 – 150 m <sup>2</sup>	1	78.300 kr. -	144.700 kr. -	223.000 kr. -
Viðbyggingar við þegar byggð hús, 151 – 500 m <sup>2</sup>	1	78.300 kr. -	164.400 kr. -	242.700 kr. -
Takmarkað byggingarleyfi / graftrarleyfi:	1	31.300 kr. -	35.200 kr. -	66.500 kr. -
Óeinangraðar skemmur, geymslur, gróðurhús og opin skýli allt að 1.000 m <sup>2</sup> :	1	70.400 kr. -	187.800 kr. -	258.200 kr. -

<sup>1</sup> Á eldri samþykktum byggingaráformum, útgefnum byggingarheimildum eða byggingarleyfum sem fallin eru úr gildi en óskað er eftir endurnýjun á, skal eftir atvikum greiðast mismunur á núverandi gjaldskrá og því sem áður var greitt.

Óeinangraðar skemmur, geymslur, gróðurhús og opin skyli, 1.001 – 5.000 m <sup>2</sup> :	1	86.100 kr. -	242.600 kr.	328.700 kr. -
Minniháttar breytingar á innra eða ytra skipulagi bygginga – án stækkunar:	1,2	43.100 kr. -	66.500 kr. -	109.600 kr. -
Meiri háttar breytingar á innra eða ytra skipulagi bygginga án stækkunar:	1,2	74.300 kr. -	109.600 kr. -	183.900 kr. -
Breyting á notkun húsnæðis:	1,2	70.400 kr. -	82.200 kr. -	152.600 kr. -
Tjaldhýsi og stöðuhýsi sbr. gr. 2.3.6 í byggingareglugerð:	1	54.800 kr. -	94.000 kr. -	148.700 kr. -
Tilkynningaskyldar framkvæmdir sbr. gr. 2.3.6 og aðrar minniháttar framkvæmdir s.s. breyting á klæðningu utanhúss, heitir og kaldir pottar og lítilsháttar breyting á burðarvirki, skilti, gírðingar og skjólveggir:	1	70.400 kr. -	-	70.400 kr. -
Niðurrif – afskráning fasteigna:	1	11.800 kr. -	9.400 kr. -	21.200 kr. -
Veitumannvirki, dæluhús og spennustöðvar 0 – 100 m <sup>2</sup> , möstur:	1	54.800 kr. -	43.100 kr. -	97.900 kr. -
Synjun á erindi (minniháttar framkvæmd):		31.300 kr. -	-	31.300 kr. -
Stærri framkvæmdir sem falla undir umfangsflokkun 2 og 3:	2,3			Skv. samn.

\* Umfangsflokkun skv. grein 1.3.2 í byggingareglugerð 112/2012:

Umfangsflokkur 1 - Minni mannvirkjagerð þar sem lítl hætta er á manntjóni, efnahagslegar og samfélagslegar afleiðingar mögulegs tjóns á mannvirki eru litlar og umhverfisáhrif eru takmörkuð.

Umfangsflokkur 2 - Meðalstór mannvirkjagerð þar sem ekki er mikil hætta á manntjóni, efnahagslegar, samfélagslegar og umhverfislegar afleiðingar tjóns á mannvirki eru viðunandi.

Umfangsflokkur 3 - Umfangsmikil mannvirkjagerð þar sem hætta á manntjóni er mikil, efnahagslegar og samfélagslegar afleiðingar tjóns á mannvirki eru miklar. Þessum flokki tilheyra mannvirki sem ætla má að tjón á þeim valdi miklum umhverfislegum afleiðingum. Mannvirki sem eru sérstaklega flókin í hönnun eða þjóna samfélagslega mikilvægu hlutverki og/eða eru nauðsynleg með tilliti til almannaoryggis tilheyra þessum flokki.

#### 6. gr. Úttektir

Stöðuúttekt, s.s. vegna byggingarstjóra-/iðnmeistaraskipta:	31.300 kr. -
Endurtekin lokaúttekt:	31.300 kr. -
Úttekt vegna rekstrarleyfis – ásamt vottorði:	15.700 kr/klst.
Gjald fyrir hvert útkall ef verkið er ekki úttektarhæft:	15.700 kr. -

#### 7. gr. Stöðuleyfi og auglýsingaskilti

	Afgreiðslu-gjald:	Eftirlits- og yfirferðar-gjald:	Samtals:
Stöðuleyfi vegna góma, hjólhýsa, báta o.fl., að hámarki til 12 mánaða:	19.500 kr. -	19.500 kr. -	39.100 kr. -
Stöðuleyfi fyrir sumarhús í smíðum, ætlað til flutnings, að hámarki til 12 mánaða:	54.800 kr. -	56.400 kr. -	111.100 kr. -
Leyfisgjald fyrir stök auglýsingaskilti, að hámarki til 12 mánaða:	66.500 kr. -	-	66.500 kr. -

#### 8. gr. Önnur þjónustugjöld

Auka útsetning líðar/húss, gjald pr. mælingu:	31.300 kr. -
Hver endurskoðun séruppráttta, (kr./klst.):	15.700 kr/klst.
Yfirferð teikninga ef umfram hefðbundið, (kr./klst.):	15.700 kr/klst.
Gjöld vegna aðkeyptrar vinnu við yfirferð séruppráttta, (stærri verkefni):	skv. reikn.
Yfirferð og staðfesting eignaskiptayfirlýsingar, 2 – 4 eignir:	47.000 kr. -
Yfirferð og staðfesting eignaskiptayfirlýsingar, 5 – 15 eignir:	62.600 kr. -
Yfirferð og staðfesting eignaskiptayfirlýsingar, 16 – 49 eignir:	78.300 kr. -
Yfirferð og staðfesting eignaskiptayfirlýsingar, 50 eignir eða fleiri:	93.900 kr. -

## 9. gr.

*Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda*

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð sem við á og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 53 gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Samþykkt byggingaráform falla úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 2ja ára frá samþykkt þeirra á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa. **Byggingarleyfi gildir í 12 mánuði frá útgáfu.** Umsækjandi getur óskað eftir endurgreiðslu eftirlits- og yfirferðargjalds ef hætt hefur verið við framkvæmdir en afgreiðslugjald er óafturkræft þó hætt hafi verið við framkvæmdir.

Gjaldskrá þessi er sett fram með tilvísun í heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Innheimta skal byggingarleyfisgjöld áður en byggingarleyfi er gefið út sbr. 53. gr. í lögum um mannvirki nr. 160/2010. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við launavísitölu í desember 2021, 806,0 stig, og breytast þau þann 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni, námundaðar í næsta heila hundrað, og gilda þau til loka viðkomandi almanaksárs.

Eldri gjaldskrá embættisins nr. 987/2021 fellur úr gildi við gildistöku nýrrar.

**Laugarvatni, 17. febrúar 2022**

**Davíð Sigurðsson, byggingarfulltrúi**  
**Jóhannes Hr. Símonarson, framkvæmdastjóri**

Gjaldskrá þessi var samþykkt af stjórn Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita þann 26. janúar 2022 og staðfest af sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaganna á eftirfarandi sveitarstjórnarfundum:

Ásahreppur, dags. 16. febrúar 2022  
 Bláskógbabyggð, dags. 3. febrúar 2022  
 Flóahreppur, dags. 8. febrúar 2022  
 Grímsnes- og Grafningshreppur, dags. 16. febrúar 2022  
 Hrunamannahreppur, dags. 3. febrúar 2022  
 Skeiða- og Gnúpverjahreppur, dags. 2. febrúar 2022

**Gjaldskrá þessi tók gildi þann 7. mars 2022 með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.**

Gjaldskráin hefur verið uppfærð miðað við 1. janúar 2023 – og tekur mið af launavísitölu nóvembermánaðar 2022 – 870,5 stig.

# GJALDSKRÁ

## Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. (UTU)

### vegna skipulagsmála, lóðamála og framkvæmdaleyfa

#### 1. gr.

##### *Gildissvið*

Gjaldskráin gildir fyrir sveitarfélögin Ásahrepp, Bláskógbabyggð, Flóahrepp, Grímsnes- og Grafningshrepp, Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

#### 2. gr.

##### *Meginreglur*

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdráttu, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins.

Skipulagsnefnd og/eða sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags getur þó ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfust breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótar-kostnað fyrir sveitarfélagið.

Gjaldskráin sýnir viðmiðunargjald miðað við hefðbundin tíma og kostnað einstakra mála. Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyptrar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins áskilur Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. sér rétt til að leggja á til viðbótar tímajald skipulagsfulltrúa sem er **15.652 kr/klst.**, eða gjald skv. reikningi vegna aðkeyptrar vinnu embættisins.

Ef nýtt deiliskipulag eða verulegar breytingar á fyrirliggjandi deiliskipulagi kalla á breytingar á gildandi aðalskipulagi og/eða öðrum deiliskipulagsuppdráttum áskilur Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. sér jafnframt rétt til að innheimta tímajald skipulagsfulltrúa, **15.652 kr/klst.**, eða gjald skv. reikningi vegna aðkeyptrar vinnu embættisins.

#### 3. gr.

##### *Skilgreiningar*

*Afgreiðslugjald:* Gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um skipulagsbreytingar, lóðamál eða framkvæmdaleyfi. Afgreiðslugjaldinu er ætlað að standa straum af kostnaði Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. við móttöku og yfirferð erindis sem lagt er fram til afgreiðslu á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa eða fundi skipulagsnefndar. Greiðsla afgreiðslugjalds er óafturkræft þótt erindi sé synjað eða það dregið til baka ef vinna skipulagsfulltrúa/skipulagsnefndar hefur átt sér stað og málið tekið fyrir á fundi.

*Umsýslu- og auglýsingakostnaður:* Kostnaður Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. við undirbúning og umsýslu erindis til kynningar og/eða auglýsingar.

#### 4. gr.

##### *Innheimta gjalda*

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. skal innheimta gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá fyrir hönd aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins.

Innheimta skal afgreiðslugjald þegar umsókn er lögð fram vegna erindis um breytingu á aðalskipulagi, erindis um nýtt deiliskipulag, verulegar eða óverulegar breytingar á fyrirliggjandi deiliskipulagi, erindis um lóðamál og erindi um framkvæmdaleyfi. Gjaldskráin tekur mið af því að afgreiðslugjald sé hluti af heildarkostnaði málsmeðferðar. Sé þörf á að vinna nýja skipulagsáætlun eða breytingar á fyrirliggjandi skipulagsáætlun vegna leyfisskyldra framkvæmda innheimtir skipulagsfulltrúi tímajald skv. 2. gr. þessarar gjaldskrár fyrir þá skipulagsvinnu sem nauðsynleg er vegna þeirrar framkvæmdar.

## 5. gr.

*Gjalddagi*

Afgreiðslugjald samkvæmt þessari gjaldskrá skal innheimta við móttöku erindis og skal vera greitt áður en fjallað er um erindi. Umsýslu- og auglýsingagjöld vegna breytinga á aðal- eða deiliskipulagi skal greiða áður en tillaga er auglýst í kjölfar samþykktar þess efnis. Gjald vegna lóðamála, umfram afgreiðslugjald, skal greiða samhliða skráningu til þjóðskrár. Gjald vegna framkvæmdaleyfis skal greiða samhliða útgáfu leyfisins. Gjald vegna grenndarkynningar skv. 8. gr. þessarar gjaldskrár skal innheimt samhliða byggingarleyfisgjöldum byggingarfulltrúa UTU eftir atvikum.

## 6. gr.

*Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga*

Afgreiðslugjald:	25.995 kr. -
Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, vinnsla breytingartillögu:	skv. reikn.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga 123/2010:	264.602 kr. -
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2 mgr. 36 gr. skipulagslaga 123/2010:	77.789 kr. -

## 7. gr.

*Kostnaður vegna deiliskipulags*

Afgreiðslugjald:	25.995 kr. -
<b>Nýtt deiliskipulag:</b>	
Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38 gr. skipulagslaga 123/2010, vinnsla breytingartillögu:	skv. reikn.
Nýtt deiliskipulag án lýsingar og kynningar, skv. 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga 123/2010, vinnsla breytingartillögu:	skv. reikn.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38 gr. skipulagslaga 123/2010:	264.602 kr. -
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010:	148.363 kr. -
<b>Verulegar breytingar á deiliskipulagi:</b>	
Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga 123/2010, vinnsla breytingartillögu:	skv. reikn.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010:	148.363 kr. -
<b>Óverulegar breytingar á deiliskipulagi:</b>	
Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010, vinnsla breytingartillögu:	skv. reikn.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010 með grenndarkynningu:	69.182 kr. -
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010 án grenndarkynningar:	17.593 kr. -

## 8. gr.

*Kostnaður vegna grenndarkynningar*

Grenndarkynning, sbr. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga 123/2010, deiliskipulag ekki fyrir hendi:	51.588 kr. -
--	--------------

## 9. gr.

## Kostnaður vegna lóðamála

Afgreiðslugjald:	25.995 kr. -
Stofnun lóða í Landskrá fasteigna skv. 48. gr. skipulagslaga 123/2010, með grenndarkynningu, grunngjald:	69.829 kr. -
Stofnun lóða í Landskrá fasteigna skv. 48. gr. skipulagslaga 123/2010, án grenndarkynningar, grunngjald:	18.241 kr. -
Stofnun lóða í Landskrá fasteigna á grundvelli deiliskipulags, grunngjald*: >> Landnúmer umfram eitt (per lóð):	Afgr.gjald 9.093 kr. -
Breyting á skráningu í Landskrá fasteigna**:	Afgr.gjald

\*Við stofnun lóða á grundvelli deiliskipulags skal aðeins greitt afgreiðslugjald í upphafi mál sem grunngjald en til viðbótar skal greiða gjald pr. landnúmer umfram eitt.

\*\* Við breytingu á skráningu í Landskrá fasteigna skal aðeins greitt afgreiðslugjald í upphafi mál enda sé um minni háttar breytingar að ræða. UTU áskilur sér rétt til að innheimta tímagjald skipulagsfulltrúa skv. 3 málsg. 2. gr. ef umbeðnar breytingar krefast verulegrar vinnu af hálfu starfsmanna.

## 10. gr.

## Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis

Afgreiðslugjald:	25.995 kr. -
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, viðmiðunargjald:	108.925 kr. -
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald:	48.211 kr. -
Eftirlit umfram eina ferð sem innifalin er í framkvæmdaleyfisgjaldi*:	skv. tímagj. -

\* Ekki er innheimt afgreiðslugjald til viðbótar.

## 11. gr.

## Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Leyfisgjöld eru óafturkræf þó leyfi falli úr gildi.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við launavísitölum í janúar 2021, 778,6 stig og breytast þau þann 1. Janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni og gilda þau til loka viðkomandi almanaksárs.

Eldri gjaldskrá embættisins nr. 733/2016 fellur úr gildi við gildistöku nýrrar.

**Laugarvatni, 18. ágúst 2021**

**Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi**

Gjaldskrá þessi var samþykkt af stjórn Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita þann 26.05.2021 og staðfest af sveitarstjórnunum aðildarsveitarfélaganna á eftirfarandi sveitarstjórnarfundum:

Ásahreppur, dags 16.06.2021

Bláskógbabyggð, dags 03.06.2021

Flóahreppur, dags 08.06.2021

Grímsnes – og Grafningshreppur, dags 16.06.2021

Hrunamannahreppur, dags 03.06.2021

Skeiða- og Gnúpverjahreppur, dags 11.06.2021

**Gjaldskrá þessi tók gildi þann 1. september 2021 með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.**

**Gjaldskráin hefur verið uppfærð miðað við 1. janúar 2023 – og tekur mið af launavísitölum nóvembermánaðar 2022 – 870,5 stig.**

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Margrét Mjöll Benjamínsdóttir <margret.m.benjaminsdottir@althingi.is>  
**Sent:** föstudagur, 16. desember 2022 12:57  
**Subject:** Til umsagnar 537. mál frá nefndasviði Alþingis

16. desember 2022  
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórnum fiskveiða, nr. 116/2006 (orkuskipti), 537. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 10. janúar nk. á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

( Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Pingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/alttext/pdf/153/s/0679.pdf>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,

---

Magrét Mjöll Benjamínsdóttir, skjalaritari  
skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10, 101 Reykjavík  
sími 563-0500  
[www.althingi.is](http://www.althingi.is)

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*

Fyrirvari/Disclaimer

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Margrét Mjöll Benjamínsdóttir <margret.m.benjaminsdottir@althingi.is>  
**Sent:** föstudagur, 16. desember 2022 13:41  
**Subject:** Til umsagnar 538. mál frá nefndasviði Alþingi

16. desember 2022  
Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Atvinnuveganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar á fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 (aflvísir), 538. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 10. janúar nk. á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

( Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Pingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0680.pdf>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni

<https://www.althingi.is/thingnefndir/viltu-senda-umsogn/leidbeiningar-um-umsagnir-um-thingmal/>

Kveðja,

---

Margrét Mjöll Benjamínsdóttir, skjalaritari  
skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10, 101 Reykjavík  
sími 563-0500  
[www.althingi.is](http://www.althingi.is)

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

Fyrirvari/Disclaimer